

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

*Kjarnalundur, deiliskipulag lóðar.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. apríl 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Kjarnalundar við Kjarnaskóg. Á skipulaginu eru m.a. byggingarreitir fyrir stækkun Kjarnalundar og fyrir stakstætt félagsheimili norðan hans.

Einnig er þar sett kvöð um umferðarrétt yfir lóðina vegna aðkomu að orlofshúsum norðan hennar.

*Síðuskóli, deiliskipulag lóðar.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Síðuskóla. Í deiliskipulaginu er kveðið á um aðkomu og bílastæði, byggingarreiti fyrir viðbyggingar við skólann, stækkun lóðar o.fl.

*Hafnarsvæði, Krossanesi, breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi. Breytingin felst í því að í stað samfellds hafnarbakka meðfram öllu hafnarsvæðinu koma tveir aðskildir bakkar, sá syðri með breytta stefnu m.v. áður gildandi skipulag.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

*Akureyri, 29. apríl 2003.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt almennt og sérstakt vörugjald af bensíni vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarmerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 78/1997, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur

gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það fjármálaráðuneytinu endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun sendir fjármálaráðuneytið reikninga til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhriðis til afgreiðslu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. og 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og 28. gr. laga nr. 29/1993 og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 29. apríl 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Telma Halldórsdóttir.*